



Erindisbréf Vísindaráðs Landspítala

Við Landspítala starfar vísindaráð sem er forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindi og vísindastarf á sjúkrahúsinu. Það á við um vísindastefnu Landspítala og samstarf við háskólastofnanir og einkafyrirtæki hér á landi eða í öðrum löndum, og annað það sem tengist vísindum á sjúkrahúsinu.

Vísindaráð ber ábyrgð á faglegu matsferli umsókna í Vísindasjóð Landspítala og hefur umsjón með og ber ábyrgð á veitingu vísindastyrkja og viðurkenninga fyrir vísindastörf á spítalanum. Ráðið sér um og ber ábyrgð á faglegri dagskrá á Vísindi á vordögum sem er árleg uppskeruhátíð vísindanna á Landspítala.

Vísindaráð Landspítala er skipað tíu aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum til fjögurra ára, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnar 3. febrúar 2014. Varamenn ráðsins eru kallaðir til starfa af formanni ráðsins í forföllum aðalmanna. Varamenn taka að jafnaði einnig virkan þátt í faglegu mati umsókna í Vísindasjóð. Sérstakur starfsmaður ráðsins ráðinn til að halda utan um daglega starfsemi Vísindaráðs hefur einnig vísindalegan bakgrunn og reynslu sem nýtist honum í verkefnum sínum fyrir formann ráðsins og aðra ráðsmeðlimi.

Vísindaráð skal ekki seinna en á Vísindi á vordögum gera forstjóra og framkvæmdastjórn grein fyrir verkefnum fyrra starfsárs, svo og áætlunum komandi starfsárs. Skal þetta vera starfsmönnum sjúkrahússins aðgengilegt, sem og fundargerðir ráðsins.

Reykjavík, 27. febrúar 2023

Runólfur Pálsson, forstjóri